

Þriðjudaginn 21. október 1997.

Nr. 393/1997.

Véltjórafélag Íslands

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

Landsvirkjun

(Hreinn Loftsson hrl.)

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með kæru 24. september 1997, sem barst Hæstarétti 29. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinum kærða frávísunarúrskurði verði hrundið og honum breytt á þá leið, að lagt verði fyrir Félagsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður Félagsdóms verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðila.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði. Eins og þar er rakið, hafa engin gögn verið lögð fram í málinu, sem sýni samanburð á launakjörum félagsmanna sóknaraðila hjá varnaraðila og Áburðarverksmiðjunni hf. Verður því að telja málið svo vanreifað, að ekki verði efnisdómur á það lagður. Ekki þykir unnt að bæta úr ágöllum þessum á grundvelli 54. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að staðfesta úrskurð Félagsdóms.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Félagsdóms 18. september 1997.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 10. september sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Stefnandi er Vélstjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Landsvirkjun, kt. 420289-1299, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær,

1. að dæmt verði, að stefnda sé skylt að hækka laun vélfræðinga í þjónustu sinni um 13,11% frá 1. apríl 1997,
2. að dæmt verði, að stefnda sé skylt að greiða vélfræðingum í þjónustu sinni 17,28 mínútna yfirvinnugreiðslu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil frá 1. apríl 1997,
3. að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað fyrir Félagsdómi samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda. Þá er gerð krafa um, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Félagsdómi að skaðlausu.

Málavextir.

Samkvæmt grein 12.4 í kjarasamningi aðila frá 29. júní 1995 skulu laun vélfræðinga hjá stefnda samræmd þeim breytingum, er verða á umsömdum launum vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins (nú Áburðarverksmiðjan hf., sbr. lög nr. 89/1994) og Sementsverksmiðju ríkisins. Grein 12.4 í kjarasamningi aðila á upphaf sitt að rekja til þess, að með dómi Hæstaréttar 10. júní 1971 var verkfall vélstjóra hjá stefnda dæmt ólöglegt. Eftir þann dóm samdi stefndi um kjör vélstjóra, er starfa hjá honum, með Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins. Sú tilhögun stóð allt til þess, að stefndi gerði sjálfstæðan kjarasamning við stefnanda 19. júní 1975. Í þeim samningi var ákvæði í grein 11.4, er hljóðaði svo:

„Verði breyting á samningsbundnum launum vélstjóra (vaktstjóra og aðstoðarvaktstjóra) hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins, skulu laun vélstjóra í þjónustu Landsvirkjunar tekin til endurskoðunar.“

Orðalagi þessa ákvæðis í kjarasamningi aðila var breytt og orðið „endurskoðunar“ felld út, og samkvæmt síðastgildandi kjarasamningi aðila frá 29. júní 1995 er ákvæðið í grein 12.4 og hljóðar svo:

„Verði breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins á samningstímanum, skulu laun vélfræðinga hjá Landsvirkjun samræmd þeim.“

Hinn 28. apríl 1997 var gerður kjarasamningur milli stefnanda og Áburðar-

verksmiðjunnar hf. Samkvæmt 2. grein þess samnings voru laun hækkuð úr 68.582 kr. í 86.883 kr. eða um 26,68%. Stefnandi kveður launahækkun þessa til komna vegna 4,7% almennrar launahækkunar, en auk þess hafi verið fellt niður kaupaukakerfi, sem verið hafði í gildi í Áburðarverksmiðjunni hf. frá 1985 og laun hækkuð um 21% í staðinn. Þá hafi verið um það samið, að greiddar skyldu 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.

Kaupaukakerfi þetta var tekið upp í Áburðarverksmiðju ríkisins með samkomulagi 24. maí 1985, en breytt með samkomulagi, dags. 4. maí 1988, í það horf, að kaupaukinn var lægstur 12%, en gat hæstur orðið 20% og kom sem hundraðshluti ofan á heildarlaun. Stefnandi krafðist þess oftsinnis, að laun vélfræðinga í þjónustu stefnda yrðu hækkuð samsvarandi, en stefndi féllst aðeins á hækkun, er nam fasta hluta kaupaukans, 12%, þar sem stefndi hafnaði því með öllu, að sveiflur í framleiðslu Áburðarverksmiðju ríkisins ættu að hafa áhrif á laun vélfræðinga í þjónustu hennar. Þessi 12% launahækkun kom til vélfræðinga í þjónustu stefnda í tveimur áföngum, með samkomulagi um starfsaldursbreytingar, dags. 25. september 1986, og samkomulagi um 3,5% kaupauka, dags. 15. september 1988. Þær kjarabætur, sem vélfræðingar hjá stefnda fengu með þessu, voru metnar jafngilda lágmarkinu 12%.

Með kjarasamningi stefnanda og Áburðarverksmiðjunnar hf., dags. 28. apríl 1997, var kaupaukakerfið fellt niður og laun vélfræðinga hjá Áburðarverksmiðjunni hf. hækkuð um 21% í staðinn.

Með bréfi, dags. 26. maí 1997, setti stefnandi fram þá kröfu á hendur stefnda á grundvelli gr. 12.4 í kjarasamningi aðila, að launataxtar vélfræðinga í þjónustu stefnda tækju sömu breytingum og urðu hjá vélfræðingum Áburðarverksmiðjunnar samkvæmt kjarasamningi frá 28. apríl 1997. Gerð var krafa um 13,11% launahækkun, þar sem vélfræðingar í þjónustu stefnda höfðu þegar fengið 12% af hinum umsömdu 26,68% ($112 \times 13,11\% = 126,68$).

Með bréfi, dags. 4. júní 1997, hafnaði stefndi þessari kröfu.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að samkvæmt grein 12.4 í kjarasamningi stefnanda og stefnda beri stefnda að samræma laun félagsmanna stefnanda, er starfa í þjónustu stefnda, þeim breytingum, er verði á umsömdum launum hjá vaktstjórum í Áburðarverksmiðju ríkisins, nú Áburðarverksmiðjunni hf. Sú samræming verði ekki gerð með öðrum hætti en að laun félagsmanna stefnanda verði hækkuð um sama hlutfall og laun í Áburðarverksmiðjunni hf. hafi hækkað um. Stefndi hafi með því að neita að hækka

laun vélfræðinga í þjónustu sinni til samræmis við þær launahækkanir brotið gegn þessu ákvæði kjarasamningsins.

Megintilgangur þessa samningsákvæðis sé sá að tryggja, að vélfræðingar í þjónustu stefnda fái að minnsta kosti sömu launahækkanir og þeir starfsbræður þeirra, sem vinni sambærileg störf og hafi verkfallsrétt.

Stefndi hafi ávallt viðurkennt skyldu sína til þess að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni eins og laun viðmiðunarhópanna hafi hækkað. Eina hækkunin, sem stefndi hafi neitað, sé sá hluti kaupaukans í Áburðarverksmiðjunni h/f, sem hafi verið framleiðslutengdur, þ. e. 12% – 20%. Það vandamál sé nú úr sögunni, og vilji stefndi vera sjálfum sér samkvæmur, beri honum að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni um 13,11%, sbr. orðalag stefnanda á yfirlýsingu, dags. 21. desember 1994.

Stefnandi heldur því fram, að hvorki sé í málinu ágreiningur um, að 13,11% sé réttur útreikningur stefnukröfunnar, né um 17,28 mínútna yfirvinnugreiðsluna í Áburðarverksmiðjunni hf.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnandi til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. gr. Kröfu sína um, að tekið verði tillit til 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, styður stefnandi við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og það, að hann reki ekki neina virðisaukaskattsskylda starfsemi og sér því nauðsynlegt vegna skaðleysissjónarmiða að fá dæmdan málskostnað úr hendi stefnda með inniföldum áhrifum 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er gerð grein fyrir þróun kjaramála vélfræðinga hjá stefnda, frá því að gengið var frá samkomulagi við stefnanda um 3,5% kaupaukann árið 1988. Á þessu tímabili hafi verið samið um breytta vinnutilhögun við allar aflstöðvar stefnda, og hafi sólarhringsvaktir þar með verið endanlega felldar niður, þar sem þær voru ennþá. Þessi vinnutilhögun sé vaktavinna að því leyti, að unnið sé að degi til alla daga ársins, helgidaga jafnt sem aðra, en starfsmenn sinni bakvöktum utan daglegs vinnutíma. Þá er þess getið, að á öllum aflstöðvum nema við Hrauneyjafoss vinni starfsmenn að hluta til á venjulegu dagvinnutímabili án bakvaktaskyldu. Í samningagerð þessari hafi verið samið við starfsmenn um yfirborganir í formi hærra vaktalags og bakvaktalags, og auk þess njóti þeir starfsmenn, sem búsettir séu við aflstöðvarnar, ýmissa hlunninda, sem metin séu til tekna, svo sem húsnæðishlunninda. Tekið er fram, að við aflstöðvar fyrirtækisins starfi nær allir þeir vélfræðingar, sem fái greidd laun samkvæmt kjarasamningi aðila.

Sú hækkun, sem stefnandi hafi krafist f. h. vélfræðinga, er starfi hjá stefnda, sé annars vegar 13,11% launahækkun umfram þann hluta bónussins (12%), sem gengið hafi verið frá 1988, og hins vegar 17,28 mínútna yfirvinnugreiðsla fyrir hverja vakt eða hvert 8 klst. dagvinnutímabil. Það sé á hinn bóginn töluleg staðreynd, að sú kjarabót, sem vaktstjórar Áburðarverksmiðjunnar fái við undirskrift kjarasamnings, sé tæp 9%, þ. e. a. s. 4,7% almenn hækkun og 4% vegna 17,28 mín. yfirvinnugreiðslunnar. Hækkun grunnlauna um 21% vegna niðurfellingar samsvarandi bónussgreiðslna valdi verksmiðjunni engum aukakostnaði, hvað varði föst laun starfsmanna.

Af hálfu stefnda er tekið fram, að bónussgreiðslur hjá Áburðarverksmiðjunni frá 1988 hafi sveiflast frá 12% og upp í 21% fyrst í stað, en hafi undanfarin ár legið í 21% hámarkinu, þar til þær nú við síðustu samningagerð hafi að fullu verið færðar inn í launataxta vaktstjóra verksmiðjunnar. Þannig megi álykta, að bónussgreiðslur Áburðarverksmiðjunnar hafi þróast frá því að vera upphaflega framleiðslubónus að hluta til yfir í það að vera hrein yfirborgun.

Stefndi og Áburðarverksmiðjan hafi notað yfirborganir sem lið í kjarabótum vélfræðinga sinna undanfarin ár, þó að í ólíku formi sé. Stefndi telur, að ekki hafi verið sýnt fram á, að kjör vélfræðinga, er starfi hjá sér, hafi á sama tíma rýrnað miðað við kjör vélfræðinga Áburðarverksmiðjunnar. Afstaða stefnda sé því sú, að hann sé reiðubúinn að hækka félagsbundin grunnlaun vélfræðinga sinna á sambærilegan hátt og gert hafi verið í Áburðarverksmiðjunni gegn því, að samið verði um lækkun einstaklingsbundinna yfirborgana með það í huga, að upphafshækkunin verði hin sama og þar, þegar litið sé til umsaminna launa fyrir fastan vinnutíma.

Stefndi hafi verið reiðubúinn að láta óháðan aðila skera úr þessum ágreiningi, og telji Félagsdómur sig þess umkominn að skoða málið heildstætt, bera saman launaþróun vélstjóra annars vegar hjá stefnda og hins vegar hjá Áburðarverksmiðjunni og skera úr þessum ágreiningi, fallist stefndi á, að sú leið verði farin, sbr. 3. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þetta hvíli á þeirri forsendu, að Félagsdómur telji sig geta tekið að sér slíkt gerðardómshlutverk. Ef svo sé ekki, hljóti að koma til álita dómsins, hvort vísa beri málinu frá ex officio. Vakin er athygli á því, að í eðli sínu sé um hagsmunaágreining að ræða, en ekki réttarágreining. Stefndi ætlist til þess, að metið verði, hvort einstaklingsbundnar yfirborganir og önnur hlunnindi vélstjóra hjá stefnda vegi upp þær hækkanir, sem orðið hafi hjá Áburðarverksmiðjunni á félagsbundnum kjörum samkvæmt kjarasamningi, þannig, að ekki sé unnt að halda því fram, að halli á

véltjóra hjá stefnda í þeim samanburði. Stefndi telur, að ekki verði með réttu ætlast til, að véltjórarnir fái bæði þær hækkanir, sem felist í kröfugerðinni, og haldi um leið óbreyttum einstaklingsbundnum yfirborgunum og hlunnindum. Ef Félagsdómur sé þess umkominn að fara í slíkan samanburð, muni stefndi setta sig við úrlausn dómsins.

Stefndi telur, að kjör félagsmanna stefnanda hjá stefnda jafngildi, þegar á heildina sé lítið, kjörum og kjarabótum félagsmanna stefnanda, sem vinna hjá Áburðarverksmiðjunni hf. Ýmist sé þar um að ræða leiðréttingar á félagsbundnum kjörum félagsmanna stefnanda í vinnu hjá stefnda, sem skráðar hafi verið í kjarasamning aðila, eða óskráð sérkjör og yfirborganir samkvæmt vinnustaðasamningum, sem hafi nú fengið aukið vægi og viðurkenningu í lagakerfi vinnuréttarins. Jafnvel þótt þessi kjör jafngildi ekki nákvæmum kjörum samkvæmt endurskoðunarákvæði því, sem stefnandi reisir kröfur sínar á, sé ljóst, að þeim kjörum sé ætlað að koma í stað kjarabóta, sem stefnandi vísi til, og séu þau heildarkjör félagsmanna stefnanda bundin þeirri forsendu. Svo óljóst orðalag sem „samræming“ geti ekki verið grundvöllur réttarkröfu um nákvæman útreikning á launalið kjara félagsmanna stefnanda, sem vinna hjá stefnda, enda sé óumdeilt, að hugtökin laun og kjör séu teygjanleg og miklum vafa undirorpin í íslensku vinnumarkaðskerfi. Ákvæði kjarasamningsins um „samræmingu“ feli í sér, að hækkun launa hjá véltjórum hjá stefnda verði aðeins, ef efnisleg rök mæli með því, þ. e. a. s., að samanburður leiði í ljós, að breyting á umsömdum launum vaktstjóra Áburðarverksmiðjunnar hf. sé óhagstæð véltjórum hjá stefnda.

Stefndi vísar til ákvæða laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 75/1996, einkum 3. tl. 1. mgr. 44. gr.

Niðurstaða.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á grein 12.4 í kjarasamningi aðila frá 29. júní 1995 og þeim kauphækkunum samkvæmt kjarasamningi stefnanda og Áburðarverksmiðjunnar hf. frá 28. apríl 1997, sem hann telur, að leiða eigi til hinna umkröfðu kauphækkana í samræmi við fyrrgreint kjarasamningsákvæði.

Skilja verður grein 12.4 í kjarasamningi aðila svo, að breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins (nú Áburðarverksmiðjan hf.) á samningstímanum leiði ekki sjálfkrafa til þess, að laun vélfræðinga hjá stefnda breytist að sama skapi. Verður að líta svo á, að slíkar breytingar gefi tilefni til athugunar á því, hvort samræmi sé í launakjörum. Þykir engu breyta um þetta, þótt ekki sé sérstökum ákvæðum fyrir að fara í kjarasamningnum um það, hvernig að slíkri athugun skuli staðið. Að athug-

un lokinni verði laun félagsmanna stefnanda hjá stefnda samræmd launum viðmiðunarhópsins, gefi athuginin tilefni til þess.

Málatilbúnaður stefnanda er ekki byggður á neinni athugin á samræmi í launakjörum framangreindra félagsmanna hans við viðmiðunarhópinn. Að svo vöxnu þykir málið svo vanreifað af hálfu stefnanda, að ekki verði dæmt um kröfur hans efnislega. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Félagsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Gunnars Sæmundssonar

Stefnandi hefur ómótmælt haldið því fram, að stefndi hafi ávallt viðurkennt skyldu sína til þess að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni eins og laun viðmiðunarhópsins hafi hækkað. Eina hækkunin, sem stefndi hafi neitað, sé sá hluti kaupaukans í Áburðarverksmiðjunni hf., sem var framleiðslutengdur. Ágreiningslaust er með aðilum, að samið hafi verið um það í kjarasamningum Áburðarverksmiðjunnar hf. og stefnanda, að greiddar skyldu 17,28 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil, án þess að um aukið vinnuframlag væri að ræða. Mér virðist málið því snúast um það, hvort framkvæmd sú á ákvæði gr. 12.4 í umræddum kjarasamningi, sem stefnandi heldur fram, sé venjuhelguð og hvort samræmi í launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf. og vélfræðinga hjá stefnda hafi raskast við launahækkun þá, sem varð við niðurfellingu kaupaukakerfis hjá Áburðarverksmiðjunni hf. og að miklum hluta vegna hennar eða ekki. Að svo vöxnu máli tel ég málið ekki svo vanreifað af hálfu stefnanda, að efnisdómur verði ekki lagður á það.